

Skoraði fógæti á mættu að benda á eignir gjörðarþola til löghalds og brýndi fyrir henni að skýra rétt frá og að það varðaði hegningu að skýra rangt frá fyrir fógætaréttinum.

Mætta bendir á eftirtalda húseign til löghalds, húseignina að Brekkustíg 21, Njarðvík.

Fallið var frá virðingu.

Fógæti lýsti yfir því, að hann gerði löghald í húseigninni Brekkustíg 21, Njarðvík, til tryggingar framangreindum kröfum og alls kostnaðar áfallins og áfallandi, að geymdum betri rétti þriðja manns.

Brýndi fógæti fyrir mættu að tilkynna gjörðarþola gerðina og að ekki mætti ráðstafa hinu löghaldna á nokkurn þann hátt, er í bága færi við gjörð þessa, að viðlagðri refsíðabyrgð að lögum.

Fimmtudaginn 9. maí 1985.

Nr. 100/1985. **John Anton Furrow**

gegn

Jennie Furrow

Kærumál. Synjað kröfu um töku bús til opinberra skipta. Alþjóðlegur einkamálaréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili skaut hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar 1. apríl 1985 með heimild í 21. gr., 1. mgr., 2. tl., laga nr. 75/1973. Kæran barst Hæstarétti 24. apríl. Sóknaraðili krefst þess, að synjað verði kröfu varnaraðilja um, „að bú hennar og sóknaraðila John Anton Furrow verði tekið til opinberra skipta vegna hjónaskilnaðar“.

Varnaraðili hefur hvorki sent Hæstarétti kröfur né greinargerð.

Aðiljar þessa máls gengu fyrir vígslumann í Alaska 1976 og voru lýst hjón. Hinn 6. febrúar sl. var kveðinn upp dómur í Alaska, þar sem því er lýst, að „svonefndur hjúskapur“ þeirra hafi verið ógildur frá upphafi. Dóm þennan verður að leggja til grundvallar í máli

þessu. Verður þess vegna að hafna kröfu varnaraðilja um opinber skipti í skiptarétti Reykjavíkur á eigum málsaðilja. Verður hinn kærði úrskurður því felldur úr gildi.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur, og er synjað kröfu varnaraðilja, Jennie Furrow, um opinber skipti á eigum hennar og sóknaraðilja, John Anton Furrow.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 19. mars 1985.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 6. mars 1985.

Sóknaraðili, Jennie Furrow, nafnnr. 4897-9777, Hverfisgötu 47, Reykjavík, krefst þess, að bú hennar og varnaraðilja verði tekið til opinberra skipta vegna hjónaskilnaðar.

Varnaraðili, John Anton Furrow, nafnnr. 5130-8646, Hvassaleiti 155, Reykjavík, krefst þess aðallega að kröfu sóknaraðilja verði synjað, en til vara, að um skipti á búinu skuli fara samkvæmt ákvæðum 27. gr. laga nr. 60/1972.

Sáttaumleitanir dómara hafa ekki borið árangur.

II.

Málsaðiljar, sem bæði eru bandarískir ríkisborgarar, gengu í hjúskap 25. maí 1976, og fór hjónavígslan fram í Kodiak í Alaskafylki í Bandaríkjunum Norður-Ameríku. Sóknaraðili mun hafa verið í hjúskap áður, og er ekki um það deilt, að þeim hjúskap hafði ekki verið slitið, er hún stofnaði til hjúskaparins með varnaraðilja. Samkvæmt gögnum máls þessa var hinum fyrri hjúskap sóknaraðilja slitið með dómi um skilnað að borði og sæng hinn 16. júlí 1982, uppkveðnum í San Francisco í Bandaríkjunum, og loka-dómur um hjúskaparslitin var kveðinn upp 16. nóvember 1982 af sama dómstóli, (Superior Court of California, County of San Francisco).

11. október 1984 var tekin fyrir hjá yfirborgardómaranum í Reykjavík ósk málsaðilja um skilnað að borði og sæng, og voru þau þar bæði mætt ásamt lögmonnum sínum. Lögheimili þeirra var þá að Hvassaleiti 155 í Reykjavík. Kom þá fram, að af hálfu varnaraðilja væri vefengt gildi hjónabands hans og sóknaraðilja. Ekki tókust samningar um skilnaðarkjör með aðiljunum, og var búskiptum vísað til skiptaréttar Reykjavíkur 19. nóvember 1984.

Með bréfi, dags. 10. desember 1984, til skiptaráðandans í Reykjavík, óskaði sóknaraðili þess, að búið yrði tekið til skiptameðferðar, og var málið tekið fyrir hinn 15. janúar 1985. Lögmaður varnaraðilja bar þá fram mót-mæli gegn því, að búið yrði tekið til opinberra skipta, þar sem ekki hefði stofnast til lögformlegs hjúskapar með aðiljunum. Sóknaraðili hafi verið í hjúskap, er hún og varnaraðili voru gefin saman, og samkvæmt lögum Alaskafylkis í Bandaríkjunum sé síðari vígslan af þessum sökum markleysa og hafi ekki lögfylgjur hjúskapar.

Hinn 27. nóvember 1984 lagði varnaraðili fram í áfrýjunardómi Alaskafylkis kæru til ógildingar hjúskapar síns og sóknaraðilja og gerði þær kröfur, að „dómstóllinn lýsi því yfir að svonefndur hjúskapur hans og varnaraðila (þ.e. sóknaraðilja í þessu máli) sé ógildur, og hafi verið ógildur frá 25. maí 1976 og verði honum einnig veitt önnur lagaúrræði sem rétt eru og við eiga.“

Dómstóll þessi gaf út fyrirkall á hendur stefndu í umræddu máli, þ.e. sóknaraðilja þessa máls, og er henni þar gert að leggja fram svar innan 20 daga frá móttöku fyrirkallsins og tekið fram, að ella megi hún búast við, að útivistardómur verði kveðinn upp í samræmi við kröfugerð í málinu.

Af hálfu Jennie Furrow var ekki lagt fram svar við ofangreindu, og gekk útivistardómur í málinu 6. febrúar 1985 í áfrýjunardómi Alaskafylkis, þriðja dómssvæði í Kodiak. Í forsendum þess dóms segir m.a.:

„NIÐURSTÖÐUR UM MÁLSATVIK.

1. Stefndi er heimilisfastur í Alaska.
2. Hinn 25. maí 1976 tóku stefndi og stefnda þátt í giftingarathöfn í Kodiak, Alaska, fyrir Charlene A. Glynn, settum dómara við rannsóknardóm í Alaska.
3. Í umsókn sinni um hjúskaparleyfi kvaðst stefnda ógift og hefði hún aldrei gift og tjáði hún það einnig stefnanda.
4. Þó hafði stefnda gift Arthur Nalus hinn 23. desember 1974 í Manila, Filippseyjum, og var gift hr. Nalus þá er hún lézt giftast stefnanda. Stefnda og hr. Nalus skildu að lögum hinn 16. nóvember 1982 í San Franciscosýslu í Kaliforníu.

LAGALEGAR NIÐURSTÖÐUR.

1. Stefnda var ekki enn skilin að lögum við fyrri eiginmann sinn þá er giftingarathöfn hennar og stefnanda fór fram.
2. Stefnda hlaut samþykki stefnanda til svonefnds hjúskapar þeirra með sviksamlegum hætti.
3. Svonefndur hjúskapur stefnanda og stefndu var, og er, óheimill sam-

kvæmt lögum Alaska, AS 25.05.021(1), og er ógildur frá upphafi, sbr. AS 25.04.020.“

III.

Krafa sóknaraðilja um, að búið verði tekið til opinberra skipta, er á því reist, að við fyrirtöku hjónaskilnaðarmálsins hjá valdsmanni hinn 19. nóvember hafi verið bókað m.a.: „Samkomulag hefur ekki orðið um búskipti og óska aðilar og lögmenn þeirra að búskiptum verði vísað til skiptaréttar Reykjavíkur og er svo gert ..“. Þessa bókun hafi lögmaður varnaraðilja undirritað.

Einnig bendir sóknaraðili á, að málsaðiljar eigi lögheimili í Reykjavík og eignir þeirra séu hér á landi. Ríkisfang aðilja skipti hér ekki máli né heldur sú staðreynd, að til hjúskaparins hafi verið stofnað í Alaska. Vísar sóknaraðili í þessu sambandi til laga nr. 60/1972, 55. gr. og 66. gr., og til laga nr. 20/1923, 41. gr.

Varðandi réttaráhrif fyrri hjúskapar sóknaraðilja við hjúskaparslit hennar og varnaraðilja nú vísar sóknaraðili til ákvæða 24. gr. laga nr. 60/1972.

IV.

Aðalkrafa varnaraðilja er á því reist, að samkvæmt lögum Alaskafylkis í Bandaríkjunum Norður-Ameríku sé hjúskapur markleysa, þegar til hans er stofnað af aðilja, sem er í hjúskap fyrir. Þegar meta skuli, hvort til hjúskapar hafi stofnast með aðiljum þessa máls, beri að fara eftir þeim laga-reglum, sem gilda í því ríki, þar sem vígsla fór fram, bæði varðandi forms- og efnisreglur. Hafi hjúskapur ekki stofnast þann 25. maí 1976 með aðiljum skv. þeim lögum, sem í gildi voru í Alaska, vegna þeirra meinbuga, að sóknaraðili var þegar í hjónabandi fyrir, verði því að telja, að hjúskapur hafi ekki stofnast með aðiljum. Það sé óeðlileg niðurstaða að meta það, hvort hjúskapur standi á milli aðilja, eftir lögum þess lands, sem hjón búi í hverju sinni, því þá kynni niðurstaðan að vera sú, að þau væru ýmist gift eða ekki, allt eftir reglum þess lands, sem þau byggju í hverju sinni.

Til þess að sporna við slíkum vafa um gildi hjúskapar sé eðlilegast að lögð séu til grundvallar þau lög, sem í gildi eru á þeim stað, sem til hjúskaparins er stofnað.

Með hliðsjón af þessu telur varnaraðili, að ekki sé ástæða til að efna til búskipta með aðiljum, þar sem enginn hjúskapur hafi stofnast.

Við munnlegan málflutning útlistaði lögmaður varnaraðilja aðalkröfu sína þannig, að hann teldi, að með uppgjör hans og sóknaraðilja ætti að fara eins og gerist við slit óvígðrar sambúðar og falli slíkt uppgjör utan verksviðs skiptaréttar.

Varakrafa varnaraðilja er á því reist, að verði búið tekið til opinberra skipta, eigi að framkvæma skiptin eftir reglum 27. gr. laga nr. 60/1972, þ.e. reglum um skipti eftir ógildingu hjúskapar.

V.

Þegar varnaraðili hófst handa við að afla dómsúrlausnar um, að hjónavígsla hans og sóknaraðilja væri markleysa, átti sóknaraðili varnarþing í Reykjavík, og hafði hún þá þegar sett fram kröfu um skilnað að borði og sæng. Ef hann vildi freista þess að fá dómsúrlausn um ógildi hjónavígslunnar, bar honum að höfða mál í því skyni fyrir dómstóli hér á landi samkvæmt reglum VII. kafla laga nr. 60/1972 um stofnun og slit hjúskapar. Verður áðurgreindur dómur áfrýjunarréttar Alaskafylkis, þar sem hjónavígsla málsaðilja er lýst markleysa, ekki lagður til grundvallar niðurstöðu í þessu máli um það, hvort bú aðiljanna skuli tekið til opinberra skipta.

Hjúskapur málsaðilja hefur ekki verið lýstur markleysa, svo bindandi sé fyrir íslenska dómstóla. Samkvæmt því og með vísan til VII. kafla laga nr. 20/1923 um réttindi og skyldur hjóna og 6. kapítula laga nr. 3/1878 um skipti á dánarbúum og félagsbúum o.fl., sbr. 55. gr. laga nr. 60/1972, ber að taka bú þeirra til opinberra skipta.

Varakrafa varnaraðilja varðar atriði, sem afstöðu verður að taka til, eftir að skiptameðferð á búinu er byrjuð. Verður því að hafna henni að svo stöddu.

Ragnar Halldór Hall borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Bú málsaðilja, Jennie Furrow og John A. Furrow, er tekið til opinberra skipta.

Varakröfu varnaraðilja, John Anton Furrow, um, að skiptin skuli fara fram að hætti 27. gr. laga nr. 60/1972, er hafnað að svo stöddu.